

Aðalfundur KKA haldinn 27. Nóv. 2011, fundur settur kl. 10:00 árdegis.

Stjórn var endurkjörin utan þess að Gunnar Hákonarson og Unnar Helgason eru fluttir til Reykjavíkur og höfðu beðist undan því að vera í stjórn af þeim sökum.

Í stað þeirra voru kosnir inn Sigurður Sigþórsson og Fjalar Úlfarsson.

Nefndir voru endurkjörnar utan þessara breytinga.

Gunnar Hákonarson biður um frí frá störfum vegna þess að hann er í Reykjavík í námi í 2 ár eða svo.

Inn í mótanefnd koma nýjir menn Kristófer Finnsson og Björn Ómar Sigurðsson og Gunnar Valur Eyþórsson.

Í hús og eignanefnd var Kristján Ingi kosinn formaður.

Í Svæðisnefnd var Fjalar kosinn formaður og Hafþór Jörundsson var kosinn í svæðisnefnd. Benni var kosinn í ferðanefndina til viðbótar við þá sem þar eru fyrir.

Fjárlagafundurinn þ.e. seinni hluti aðalfundar verður haldinn eftir áramót þar sem fjallað verður um peningahliðina. Formaður kom þó með ársreikninga og efnahagsreikninga og lagði fram á fundinum. Peningastaðan er góð og rekstur í mjög góðu lagi.

Rætt var enn eina ferðina um skiltin á svæðinu. Það þarf að setja upp skilti við keðjuna og svo á vegg við tröppurnar. Kynna svæðið og reglur.

Ennfremur þarf nauðsynlega að gera skilti:

Orða þetta cirka svona:

Varúð - HÆTTA

Bannað að aka í brautinni

á meðan vinna fer fram í henni.

Þetta skilti má draga fram á bílaplanið þegar vinna fer fram í brautinni og jafnvel eiga tvö, eitt á bílaplanið og annað í brautina eða á þvottaplanið.

Formaður mun boða fundi í svæðisnefnd og hús og eignanefnd í febr.

Starfsmaður: Tillögu til bæjarins um að skíðafélag og kka fái styrk í starfsmann, þ.e. skíðafél. Með hann yfir veturinn og kka yfir sumarið. Ennfremur sækja um að fá endursvæðið varanlega hefur verið til reynslu enn.

Aksturskvöld næsta sumar:

MX/Enduro

mánudaga kl. 18:00

miðvikudaga kl. 18:00

föstudaga kl. 18:00

laugardaga kl. 13:00

Barnabraut:

Þriðjudaga 17-19
fimmtudaga 17-19

Ákveðið að Guðmundur Hannesson myndi tala við Gulla og Finn um að hafa forgöngu um barnabrautina og barnatímana.

Fjalar mun haga viðgerðum á brautum í samræmi við þessa tíma.

Guðmundur ætlar líka að ræða við Fjalar um að halda barnanámskeið.

Styrkir:

Þeir KKA menn sem taka þátt í Íslandsmóti utan Eyjafjarðarsvæðis fá 5.000 kr. styrk fyrir hvert mót frá KKA. Þeir framvísi skráningu eða annari sönnun um að hafa tekið þátt og þeir fá kr. 5.000 keppnisstyrk.

Gamlingjakvöld / útbreiðsla.

Ákveðið að reyna að fá menn sem eiga hjól í skúrunum sínum til að koma upp á endurosvæði til aksturs. Talið að gott væri að starta því með námskeiði sem ÞHJ tekur að sér að standa fyrir í vor og svo keyra saman í sumar með ferðum utan svæðis.

Snjósleðar:

KKA mun standa fyrir samhliða keppnum og snjóspyrnu í vetur. Bíðum færiss þegar snjórinn kemur mun verða blásið til samkomu með stuttum fyrirvara. Fundarmenn voru sammála um að svæðið á mýrinni í Torfdalnum og brekkan og þar upp á hentaði mjög vel fyrir þetta og áhorfendur væru í góðri stöðu upp á vegi og víðar.

Húsið.

Sig. Bjarna hefur verið í undirbúningsnefnd vegna endurgerðar hússins eftir skemmdir sem urðu á því í vetur. Hann segist fljótleg kynna stjórn fyrirætlanir í þeim efnum.

Breyta húsi.

Tillögur kynntar um að breyta húsinu þannig að hurð er gerð norðan á það og gluggar stækkaðir. og vélageymsla byggð norðan við það. Ákveðið að ekkert vit væri í öðru en að hafa hurðir á þessu.

Þhj. tók að sér að tala við Björn Ómar um að gera kostnaðaráætlun um þetta.

Starthlið.

S.Bjarnason ræðir við Þórð Hjörleifsson um að gera tilboð í 30 hlið.

MX námskeið.

S.Bjarnason talar við Jonna um að halda námskeið í samvinnu við Nítró.

Fundi slitið 12:30